

Dómsmálaráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 27. júlí 2026
Mál nr. 2607043 U.V.H.

Efni: Umsögn um áform um skipulagsbreytingar lögreglunnar, mál nr. S-138/2026 í samráðsgátt.

Á 1284. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 27. júlí 2026 var fjallað um mál nr. S-138/2026 í samráðsgátt stjórnvalda, skipulagsbreytingar lögreglunnar. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð Húnaþings vestra fjallaði um málið á 1279. fundi sínum sem haldinn var þann 15. júní 2026. Var á þeim fundi tekið undir bókun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV). Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð tekur heilshugar undir bókun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er varðar mögulegar breytingar á skipan lögregluembættis. Ráðið geldur varhug við slíkum breytingum og óttast að þær muni hafa neikvæð áhrif á öryggi íbúa og leiða til fækkunar starfa þegar fram líða stundir. Við slíkt er ekki hægt að una.

Bókun SSNV var svohljóðandi:

Stjórn SSNV lýsir yfir áhyggjum af þeim áhrifum sem mögulegar breytingar á skipulagi lögregluembættis kunna að hafa á þjónustu, störf og stjórnsýslu í landshlutanum. Stjórn SSNV leggur áherslu á að löggæsla á Norðurlandi vestra gegnir lykilhlutverki í öryggi íbúa, farsæld barna og ungmenna og samstarfi við sveitarfélög, skóla, heilbrigðisþjónustu og aðra þjónustuaðila. Mikilvægt er að allar breytingar á skipulagi taki mið af sérstöðu dreifbýlis, miklum vegalengdum og þeim aðstæðum sem einkenna Norðurland vestra.

Stjórn SSNV telur mikilvægt að starfsemi lögreglunnar á Norðurlandi vestra verði ekki skert og að tryggður verði áframhaldandi rekstur lögreglustöðva á Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga. Þá er nauðsynlegt að standa vörð um þau sérhæfðu störf, þá þekkingu og það faglega starf sem byggt hefur verið upp innan embættisins á undanförunum árum.

Jafnframt leggur stjórn SSNV áherslu á að allar skipulagsbreytingar innan ríkisstofnana verði metnar með hliðsjón af byggðasjónarmiðum og áhrifum þeirra á atvinnu, þjónustu og samfélagsþróun í landshlutanum. Stjórnin telur mikilvægt að ákvarðanir um framtíðarskipan lögregluþjónustu á landsbyggðinni verði teknar í virku samráði við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Stjórn SSNV leggur áherslu á að hagsmunir íbúa og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra verði hafðir að leiðarljósi við alla stefnumótun og ákvarðanatöku um skipulag lögregluþjónustu í landshlutanum.

Byggðarráð ítrekar ofangreint nú þegar málið er komið til samráðs í samráðsgátt á áformastigi. Í áformaskjalinu er ítrekað minnst á að tilgangur breytinganna sé að efla

lögregluna. Það eru fögur fyrirheit en því miður hræða sporin hvað slík loforð stjórnvalda varðar.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við dómsmálaráðherra um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.